# Námsgrein: Samfélagsfræði 6. – 7. bekkur

*Kennari:* Egill Páll Egilsson, Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir og Nanna Möller

*Tímafjöldi á viku:* 3,5 klst

*Námsefni:* Námsefnið verður tekið fyrir á tveimur skólaárum og skiptist niður í A ár og B ár. Til grundvallar kennslu verða bækurnar Evrópa, Norðurlöndin, Ég og samfélagið, Ég og sjálfsmyndin og Sögueyjan 2 og 3.. Annað efni / ítarefni fundið til / búið til af kennara.

*Kennsluaðferðir og skipulag:* Umræður, samvinna nemenda, einstaklingsvinna, verkefnavinna og verkleg kennsla. Í tímum er lögð áhersla á þátttöku, vönduð vinnubrögð og góð samskipti.

*Námsmat:* Símat. Unnin verða ýmis konar verkefni sem og að þátttaka og virkni í kennslustundum fer inn í matið. Mat hæfniviðmiða er birt á Mentor jafnóðum.

*Grunnþættir menntunar:* Byggt á Aðalnámskrá grunnskóla - Almennur hluti 2011 – Greinasafn 2013

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| Læsi | Að nemendur geti lesið í umhverfi sitt og það helsta í nánasta umhverfi og þjálfist í að beita gagnrýnni hugsun. |
| Sjálfbærni | Að skapa náms- og vinnuumhverfi þar sem nemendur verða samábyrgir. |
| Heilbrigði og velferð | Að efla sjálfstæði nemenda í vinnu og námi og efla sjálfsmynd nemenda. |
| Lýðræði og mannréttindi | Að virða rétt allra nemenda og ákvarðanir teknar á lýðræðislegan hátt.<br>Að taka tillit til þarfa einstakra nemenda og ábyrgðar þeirra á náminu. |
| Jafnrétti | Að hafa jafnrétti nemenda á ólíkum forsendum í fyrirrúmi, þar sem eiginleikar og þarfir hvers og eins eru hafðir að leiðarljósi. |
| Sköpun | Að nemendur vinni margvísleg verkefni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín.<br>Að skapa tækifæri til að miðla verkum til annarra. |

| Námsefni | Hæfniviðmið/ markmið |
| --- | --- |
| **Evrópa/Norðurlönd**<br><br>Lesbók<br>Vinnubók | **Að nemandi:**<br>• kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna og mótun ísaldarjökulsins.<br>• þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma.<br>• þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál, stjórnarfar, samstarf og sameiginlega hagsmuni Norðurlandanna.<br>• átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa.<br>• þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra.<br>• kynni sér á hvaða sviðum Norðurlandaþjóðirnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst<br>• þekki á Evrópukorti nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða.<br>• þekki einstök menningarsvæði í Evrópu, t.d. Norðurlönd, Eystrasaltssvæðið og Norður-Evrópu.<br>• afli sér upplýsinga um einstök lönd eða landsvæði eftir mismunandi leiðum, t.d. með bókum, dagblöðum, tölfræðigögnum, kortum, netinu eða viðtölum<br>• fjalli um hugtök eins og ríki, land, þjóð og landamæri<br>• átti sig á hvað hefur áhrif á legu og vöxt einstakra búsetusvæða<br>• þekki hvernig atvinnugreinar skiptast í frumvinnslu-, úrvinnslu- og þjónustugreinar<br>• kynnist því hvers vegna mismunandi samgöngutæki henta hverju sinni, t.d. kostum og göllum vega, járnbrauta, sjó- og loftleiða eftir því hvað þarf að flytja hverju sinni.<br>• skilji af hverju tiltekinni starfsemi er valinn staður þar sem hún er, t.d. af hverju stór iðnfyrirtæki eru staðsett í útjaðri borga en ekki í miðbæjum.<br>• þekki helstu gerðir orkulinda sem nýttar eru, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast.<br>• átti sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála þar sem t.d. mengun og loftslagsbreytingum verða ekki sett landfræðileg mörk. |
| **Ég og sjálfsmyndin** | **Að nemandi geti:**<br>**Sjálfsmynd**<br>• lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.<br>• gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.<br>• gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem á við hverju sinni. |

| | |
|---|---|
| | • lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.<br>• gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd.<br>• gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem á við hverju sinni.<br><br>**Hópar sem þú ert í**<br>• gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.<br>• sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti.<br>• sýnt umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.<br>• lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.<br><br>**Samskipti**<br>• tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.<br>• borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.<br>• metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.<br>• rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.<br>• tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og áttað sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.<br><br>**Andleg líðan**<br>• lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.<br>• tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.<br>• metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.<br><br>**Varúð – Hætta**<br>• fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.<br>• lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.<br>• gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins.<br>• gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu. |

| | |
|---|---|
| | • Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.<br>• sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið.<br>• séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.<br>• lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.<br>• tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.<br>• metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.<br>• rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.<br>• rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.<br>• tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.<br>• sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.<br><br>**Hvert stefni ég**<br>• gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.<br>• sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.<br>• sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni. |
| **Ég og samfélagið**<br><br>**Saga Húsavíkur** | **Að nemandi geti:**<br><br>**Reynsluheimur**<br>• fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.<br>• greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.<br>• aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.<br>• notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni.<br>• metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.<br>• velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum.<br>• lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti.<br>• dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.<br>• gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra. |

| | |
|---|---|
| | • lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.<br>• gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins.<br>• gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu,<br>• séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.<br><br>**Hugarheimur**<br>• lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.<br>• metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.<br>• gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.<br>• sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.<br><br>**Félagsheimur**<br>• tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.<br>• metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.<br>• rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.<br>• tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.<br>• tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.<br>• nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda.<br>• sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.<br>• rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.<br>• rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.<br>• tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.<br>• sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju. |
| **Sögueyjan** | **Að nemandi:**<br>• gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa,<br>• lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi, |

| | |
|---|---|
| | • rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu,<br>• metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð,<br>• velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum.<br>• lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti.<br>• dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.<br>• greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum. |